



Akureyri, 12. október 2023

Málsnúmer 2023100025

Efni: Umsögn frá Akureyrarbæ vegna tillögu til þingsályktunar um Tröllaskagagöng milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar.

Akureyrarbær fagnar þessari tillögu sem nú er lögð fram í annað sinn um Tröllaskagagöng. Mikilvægt er að vinna hefjist við rannsóknir, frumhönnun og mat á hagkvæmni á gerð slíkra jarðganga. Það er alveg ljóst að Tröllaskagagöng geta haft mikla þýðingu með tilliti til samganga á milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar. Þeir þættir sem styðja m.a. við að hafist verða handa snúa m.a. að auknu öryggi í samgöngum og þeirri þjónustu sem notendur þurfa að sækja til Sjúkrahússins á Akureyri en fjallvegurinn um Öxnadalsheiði er oft mikill farartálmi yfir veturinn. Með tilkomu Tröllaskagaganga stækkar vinnusóknarsvæðið og tækifæri innan ferðaþjónustunnar, þar sem unnið er með að markaðssetja þessa atvinnugrein á ársgrundvelli, aukast til muna.

Virðingarfyllst,

Ásthildur Sturludóttir
Bæjarstjóri á Akureyri



Allsherjar- og menntanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Norðurlandi eystra, 2. nóvember 2023

Efni: Umsögn stjórnar SSNE um tillögu til þingsályktunar Tröllaskagagöng, 48. mál.

Stjórn SSNE fagnar þessari tillögu sem lögð hefur verið fram um Tröllaskagagöng. Samkvæmt Samgöngu- og innviðastefnu SSNE 2023-2033 eru göng undir Öxnadalsheiði ein af þremur göngum sem sveitarfélögin sem standa að SSNE telja mikilvægt að unnið verði að á næstu árum, í kjölfar Siglufjarðarskarðsganga og ganga á milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur. Því er mikilvægt að vinna hefjist við rannsóknir, frumhönnun og mat á hagkvæmni slíkra ganga.

Að mati stjórnar SSNE er alveg ljóst að göng undir Öxnadalsheiði geta haft mikla þýðingu með tilliti til samgangna á milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar, enda ljóst að fjölmargir íbúar vestan Eyjafjarðar þurfa að sækja ýmsa þjónustu til Akureyrar, t.a.m. til Sjúkrahússins á Akureyri. Þá er núverandi fjallvegur um Öxnadalsheiði oft mikill farartálmi yfir veturinn og yrðu göng undir Öxnadalsheiðina til þess að stækka vinnusóknarsvæðið á Norðurlandi og auka tækifæri innan ferðaþjónustunnar.

--

Fyrir hönd stjórnar SSNE,
Albertína Friðbjörg Elíasdóttir,
Framkvæmdastjóri SSNE.

Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Skagafjörður, 5. október 2023
nr. erindis 2310004 KJ

Á 64. fundi byggðarráðs sveitarfélagsins Skagafjarðar þann 4. október 2023 var tekið fyrir neðangreint erindi.

Umsagnarbeiðni; Þingsályktunartillaga um Tröllaskagagöng

Svofelld bókun var gerð:

Lagður fram tölvupóstur dagsettur 29. september 2023 þar sem umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um Tröllaskagagöng milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar. 48. mál.

Byggðarráð Skagafjarðar fagnar framkominni þingsályktunartillögu um að innviðaráðherra verði falið að hefja vinnu við rannsóknir, frumhönnun og mat á hagkvæmni á gerð jarðganga á Tröllaskaga.

Sveitarfélagið Skagafjörður og Akureyrarbær hafa á undanförunum misserum lagt þunga áherslu á að hagkvæmni og samfélagsleg áhrif með tilkomu Tröllaskagaganga verði könnuð til hins ítrasta. Sveitarfélögin sendu m.a. áskorun til stjórnvalda í febrúar árið 2019, þess efnis að þau fjármagni grunnrannsóknir og samanburð á kostum á legu mögulegra jarðganga undir Tröllaskaga, auk rannsókna á samfélagslegum og efnahagslegum áhrifum slíkra ganga. Fyrirfram er ljóst að með tilkomu Tröllaskagaganga myndi vinnusóknarsvæði á Mið-Norðurlandi stækka verulega og þjóðhagsleg og samfélagsleg áhrif yrðu mikil. Samgöngubót sem þessi myndi styrkja Mið-Norðurland verulega sem raunverulegan valkost við höfuðborgarsvæðið og styrkja svæðið á margháttða vegu. Eru þá ótalin öryggissjónarmiðin en þau hafa endurspeglast vel í vetur í þeirri tíðu lokun vega sem verið hefur á Mið-Norðurlandi.

Nefna má að í skýrslu Háskólans á Akureyri frá því sumarið 2022 eru skoðaðir 3 kostir í Tröllaskagagöngnum og fá Skíðadalsgöng, úr Hörgárdal til Skíðadals og þaðan áfram til Kolbeinsdals, bestu einkunnina. Við þau stýttist leiðin á milli Akureyrar og Reykjavíkur um 17,3 km, leiðin á milli Akureyrar og Sauðárkróks, stærstu bæja Norðurlands, um 39,6 km og á milli Sauðárkróks og Dalvíkur um 53,7 km. Reiknuð er út jákvæð arðsemi af göngunum, þau talin henta mjög vel til gjaldtöku, tenging myndi opnast verulega á milli svæða þar sem lítil samskipti eru í dag og segja skýrsluhöfundar að göngin „lágmarki vegalengdir og „dragi“ bæina á Norðurlandi eins mikið saman og hægt er. Þau myndu því hámarka breytingar á samskiptum.“ Skýrsluhöfundar segja einnig að „líkleg áhrif með hliðsjón af opinberum markmiðum á sviði byggðaðróunar yrðu mjög jákvæð.“ Með tilkomu Tröllaskagaganga yrði því unnt að tryggja mun betur samgöngur á milli stærstu þéttbýlisstaða á Mið-Norðurlandi, auka öryggi vegfarenda, bæta öryggi þeirra sem þurfa á

heilbrigðisþjónustu að halda, styrkja samfélögin á svæðinu, stækka vinnusóknarsvæði, efla ferðaþjónustu og svona mætti lengi halda áfram. Öll teikn eru á lofti um að hér sé um að ræða einhverja þjóðhagslega hagkvæmustu samgöngubót sem hægt er að ráðast í á landsbyggðinni og því afar brýnt að nú þegar verði hafin vinna við rannsóknir, frumhönnun og útreikninga á hagkvæmni á gerð jarðganga á Tröllaskaga.

Þessi afgreiðsla byggðarráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,
f.h. byggðarráðs Skagafjarðar


Kristín Jónsdóttir
skjalastjórn
 Sveitarfélagið
Skagafjörður



Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefnasvid@althingi.is

Umsögn - þingsályktunar um Tröllaskagagöng milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar, 48. mál

Umhverfis- og samgöngunefnd óskaði eftir umsögn Vegagerðarinnar varðandi þingsályktunartillögu um Tröllaskagagöng milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar, mál nr. 48 á 154.löggjafarþingi.

Í þingsályktunartillögunni kemur fram að hefja skuli rannsóknir, frumhönnun og mat á hagkvæmni á gerð jarðganga á Tröllaskaga.

Núverandi vegtengingar milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar eru annars vegar Hringvegur 1 um Norðurárdal og Öxnadalshéiði og hins vegar um Siglufjarðarveg (76) og Ólafsfjarðarveg (82) utar á Tröllaskaganum. Á þeirri leið eru fern jarðgöng, Strákagöng, 0,8 km löng frá árinu 1967, Múlagöng, 3,4 km löng frá árinu 1990 og tvenn göng í Héðinsfirði 7,1 km og 3,9 km göng frá árinu 2010. Tvenn þessara jarðganga þarf að endurnýja og eru þau ofarlega í forgangsröðun jarðganga á landinu.

Í yfirlitsáætlun jarðganga sem Vegagerðin vann árið 2021 er gerð grein fyrir þeim jarðgangakostum á Tröllaskaga sem hafa verið til umræðu undanfarin ár.

Í tillögu Vegagerðarinnar að forgangsröðun jarðgangakosta sem unnin var í tengslum við undirbúning að samgönguáætlun 2024-2038 er gerð grein fyrir forsendum forgangsröðunar.

Jarðgöng milli Hjaltadals og Hörgárdals undir Hjaltadalshéiði yrðu um 18 km eða 22 km löng með gangamunnum í 300-350 m hæð yfir sjávarmáli.

Jarðgöng frá Kolbeinsdal til Skíðadals yrðu tvenn göng sem eru hvor um 13 km löng með gangamunnum í um 300 m hæð yfir sjávarmáli.

Jarðgöng undir Heljardalsheiði er um 11 km löng með gangamunnum í um 220-240 m y.s. Þau göng stytta ekki leið milli Skagafjarðar og Akureyrar en stytta hins vegar leið milli Skagafjarðar og Dalvíkur.

Í töflunni hér að neðan má sjá samanburð á vegalengdum fyrir ólíka valkosti um jarðgöng á Tröllaskaga.

Frá	Til	Hringvegur km	Héðinsfjörður km	Hjaltadalur km	Skíðadalsleið km	Pverárfjall Skíðadalur km
Ak	Sauðárkrókur	120	173	90	83	
Ak	Hofsós	132	137	82	75	
Ak	Varmahlíð	94	184	101	95	
Ak	Hólar	126	162	59	72	
Ak	Skagaströnd	163				136
Ak	Blönduós	144				130
Ak	Reykjavík	388				374

Í tengslum við undirbúning að samgönguáætlun 2024-2038 fékk Vegagerðin Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri til að bera saman 23 jarðgangakosti með tilliti til arðsemi, öryggis, tengingar svæða og byggðapróunar og voru niðurstöðurnar gefnar út í skýrslu í maí 2023.

Í þeirri greinargerð er m.a. gerð grein fyrir mati á samfélagslegum og efnahagslegum áhrifum ólíkra valkosta við jarðgöng á Tröllaskaga.

Það liggja því nú þegar fyrir upplýsingar með mati á samfélagslegum og efnahagslegum áhrifum Tröllaskagaganga samanborið við aðra jarðgangakosti á landinu. Við tillögu að forgangsröðun jarðgangakosta var m.a. horft til niðurstaða í greinargerð RHA.

Í tillögu innviðaráðherra að þingsályktun um samgönguáætlun 2024-2038 sem lögð var fram á Alþingi 10. október 2023 er gert ráð fyrir að hefja rannsóknir og undirbúning vegna nýrra jarðganga á utanverðum Tröllaskaga og er ráðgert að verja 350 m.kr. til undirbúnings nýrra Fljótaganga/Siglufjarðarskarðsganga sem koma í stað Strákaganga og 50 m.kr. til undirbúnings nýrra jarðganga milli Dalvíkur og Ólafsfjarðar sem koma í stað núverandi Múlaganga.

Þá er jafnframt lagt til að athugaðir verði möguleikar á 11 km jarðgöngum undir Öxnadalshéið til að bæta vetrarsamgöngur á Öxnadalshéiði.

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Guðmundur Valur Guðmundsson
framkvæmdastjóri þróunarsviðs

Undirskrift

Síða 2/2

Vegagerðin